

1271. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamín, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Fjarverandi: Ragnar Þór Ingólfsson (í leyfi).

Gestur fundarins: Oddur Gunnar Jónsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs

Næsti fundur: 11 desember 2024.

Dagskrá:

Halla Gunnarsdóttir, varaformaður VR og starfandi formaður, bauð fundarfólk velkomið og setti fund. Hún óskaði eftir dagskrárbreytingu, nýr liður, Beiðni frá Unite the Union vegna verkfalls hjá Bakkavör í Bretlandi, verði liður #4 og aðrir liðir færast til í samræmi við það. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

1. Fundargerðir 1269. og 1270. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Halla lagði fram fundargerðir 1269. og 1270. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðir voru samþykktar og undirritaðar.

2. Kjaramál – staðan

Halla sagði frá því að kjaraviðræður við stóriðjuna væru hafnar, en að VR spili ekki stórt hlutverk í þeim þar sem fátt félagsfólk starfar í þeim iðnaði. Fundir hafa farið rólega af stað, en áhersla sé á að halda þeirri línu sem lögð hafi verið í fyrri kjarasamningum.



Halla sagði frá því að VR hafi sent á stjórn mála flokka sem bjóða fram til Alþingis fjórar spurningar og óskað eftir svörum til að birta á vef VR. Nokkrir flokkar hafi bent á samkomulag flokka á þingi um að óskað sé eftir að hámarki þremur spurningum. Hún gagnrýndi þetta verklag flokkanna sem ekki taki mið af spurningunum sjálfum né hverjir spyrja. Svör eru byrjuð að berast og verða þau birt á vef VR og kynnt fyrir félagsfólki í aðdraganda kosninga.

Halla sagði því næst frá viðburði ASÍ og BSRB þann 18. nóvember þar sem formenn stjórn mála flokka mæta í pallborð. Hún hvatti stjórnarfólk til að mæta. Verið er að skoða að hafa viðburði á landsbyggðinni þar sem fólk kæmi saman til að fylgjast með í streymi.

ASÍ hefur verið að fylgjast með breytingum á kílómetragjaldi, sem ólíklegt er að fái samþykkt á þingi fyrir kosningar, en sambandið mun fylgjast með þessu áfram.

Halla benti stjórnarfólki á tvær nýútkomnar skýrslur, frá Hagfræðistofnun HÍ og Kjaratölfræðinefnd. Skýrsla Hagfræðistofnunar er yfirlit um samspil verðbólgu og annarra hagstærða, unnin að beiðni forsætisráðuneytis. Halla sagði ýmislegt athugasvert í skýrslunni, m.a. um valdheimildir ríkissáttasemjara. Hin skýrslan er haustskýrsla Kjaratölfræðinefndar 2024 og fjallar um þróun launa, kjarasamninga og vinnumarkaðar. Hún hvatti stjórnarfólk til að kynna sér efni beggja skýrslna. Fyrirhugað er að efni haustskýrslu KTN verði kynnt ítarlega á næsta stjórnarfund.

Umræður

3. Stuðningur við verkfall kennara

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað – stuðningur við verkfall kennara“ til kynningar.

Halla sagði frá því að borist hefði beiðni frá kennurum um stuðningsyfirlýsingu í tilefni af samstöðufundi kennara, hún telji rétt að taka umræðu um þetta innan stjórnar. Skiptar skoðanir séu t.d. innan ASÍ um málið og kröfugerð kennara. Að hennar mati sé það ekki VR að hafa skoðun á kröfugerðum annarra stéttarfélaganna, ef eitt félag semur vel geti það nýst öðrum í þeirra baráttu.

Halla fór yfir minnisblað yfir það hvernig VR hefur opinberlega stutt við kjarabaráttu annarra stéttarfélaganna síðustu ár en slíkar stuðningsyfirlýsingar félagsins eru birtar í ársskýrslum þess.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla til að unnin yrðu drög að yfirlýsingu um stuðning við baráttu kennara og áhyggjum lýst yfir stöðunni. Yfirlýsingin verði send stjórn til umsagnar í tölvupósti.

Samþykkt.

4. Beiðni frá Unite the Union vegna verkfalls hjá Bakkavör í Bretlandi

Fyrir fundinum lá skjalið „Bakkavör narrative in Icelandic“ til kynningar.

Fulltrúar frá stéttarfélaginu Unite komu til Íslands í síðustu viku til að vekja athygli á íslensku eignarhaldi á Bakkavör sem þau eiga í deilum við. Unite er eitt af stærstu stéttarfélögum Bretlands og eru félagar þess sem starfa í verksmiðju Bakkavarar í Spalding í verkfalli eftir mörg ár af launaryrnun.

Halla sagði deiluna skólabókardæmi um áhrif af niðurskurðarstefnu á launafólk, búið væri að brjóta niður verkalýðshreyfinguna. Í Bretlandi væri kominn stór hópur af „working poor“ sem rekja mætti til þessara áhrifa.

Halla sagði að hún og Eiður Stefánsson, varaformaður LÍV, og Sigmundur Halldórsson, sem starfar hjá LÍV, hafi fundað með fulltrúum Unite. Það væri hins vegar þeirra mat að málið ætti heima á borði ASÍ, en miðstjórnarfundur verður í næstu viku og er fyrirhugað að leggja þar fram drög að yfirlýsingu.

Umræður

Niðurstaða umræðna var að málið verði tekið áfram innan ASÍ.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun VR vegna 2025

Fyrir fundinum lágu skjölin „Fjárhagsáætlun VR 2025“; „Fjárhagsáætlun VR 2025 sundurliðun á sjóði“ og „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2025“ til kynningar.

Oddur Gunnar Jónsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs, kom inn á fundinn kl. 18:53.

Áætlun er lögð fram til kynningar, liggur milli funda og verður tekin til afgreiðslu á fundi stjórnar í desember.

Stefán Sveinbjarnarson fór yfir helstu lykiltölur í áætlun fyrir árið 2025 og rekstur 2024. Forsendur áætlunar eru þær að félagsfólki fjölgi um 1,5% árið 2025 og laun hækki um 4,4%. Miðað er við 4,5% verðbólgu.

Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði tæplega 7 ma.kr. eða 11% hærrí en í ár. Gjöld eru áætluð um 6,7 ma.kr sem er 10% hækkun. Tekjur umfram gjöld eru um 215 m.kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru um milljarður króna.

Áætlunin gerir ráð fyrir að iðgjaldatekjur Sjúkrasjóðs aukist um 5,1% milli ára og að greiðsla sjúkradagpeninga hækki um 4,3% milli ára. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjaldatekjum sjóðsins er áætlað 79% á næsta ári sem er svipað og árið 2024. Upphæð sjúkradagpeninga er áætluð um 2,7 ma.kr.

Stefán sagði frá því að fyrirhugaðar væru framkvæmdir á vegum Orlofssjóðs, m.a. endurnýjun stofnlagna í Miðhúsaskógi sem kallar á lokun húsa þar tímabundið. Gjaldskrá orlofshúsa hefur verið samræmd og hækkar. Nýting orlofshúsa verður svipuð á næsta ári og verið hefur, samkvæmt áætluninni.

Hvað varðar VR varasjóð er gert ráð fyrir sama framlagi á árinu 2025 og var 2024 eða 1.050 m.kr.

Umræður

Vala Ólöf Kristinsdóttir fór af fundi kl. 19:30.

Í umræðum var rætt um breytingar á gjaldskrá orlofshúsa sem nú er hækkuð í fyrsta sinn í 12 ár. Óskað var eftir upplýsingum sem hér segir:

- Samanburður á leigu orlofshúsa VR og annarra stéttarféлага
- Hlutfall niðurgreiðslu af leiguverði nokkur ár aftur í tímann
- Samanburð á þróun launa/verðlags og leigu og niðurgreiðslu

Orlofsnefnd mun taka umræðuna og kynna fyrir stjórn. Halla benti á að ef stjórnarfolk hefur athugasemdir við orlofsmálin í áætlun fyrir 2025 þurfi þær að berast milli funda.

Stjórnarfolk hafði á orði að fjárhagsáætlun væri vel unnin og skýr og þakkaði fyrir hana. Oddur þakkaði fyrir og kvaðst munu færa starfsfólki þakkinar.

Oddur Gunnar Jónsson yfirgaf fundinn kl. 19:50.

6. Fjármögnun á VR Blæ leigufélagi slhf.

Fyrir fundinum lá skjalið „VR Blæ leigufélag fjármögnun og staða nóv. 2024“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir stöðuna á framkvæmdum við byggingu leiguíbúða VR í Úlfarsárdal. Úthlutun stendur yfir en einhver seinkun verður á afhendingu íbúðanna en tafir urðu m.a. við uppsteypu vegna veðurs.

Áætlaður kostnaður við verkið er um 1,95 ma.kr. Kostnaður pr. fermetra er um 16-20% lægri en markaðsverð sambærilegra eigna í Úlfarsárdal.

VR hefur annast verkefnafjármögnun fyrir VR Blæ leigufélag með eigið fé og brúarfjármögnun. Verkefnið þarfnast langtímafjármögnunar að upphæð 1.250 m.kr., verðtryggt til 50 ára.

Stefán benti á að vaxtaumhverfið væri óhagstætt fyrir lántöku. Tillaga til umræðu nú sé að VR fjármagni verkið eftir að byggingatíma lýkur, til skemmri tíma, verðtryggt lán með 4,5% vöxtum. Eftir 1 til 2 ár yrði farið í langtíma fjármögnun og yrði þá lánið við VR greitt upp.

Umræður

Jennifer Schröder fór af fundi kl. 20:00



Að umræðum loknum lagði Halla fyrir fundinn tillögu um ofangreinda aðkomu VR að fjármögnun VR Blævar og að hún yrði einnig lögð fyrir fund trúnaðarráðs.

Samþykkt samhljóða.

7. Skipun í nefndir miðstjórnar ASÍ

Fyrir fundinum lágu skjölin „Nefndir miðstjórnar ASÍ 2024 – 2016“ og „Reglugerð ASÍ um greiðslu kostnaðar og þóknunar miðstjórnar og starfsnefnda“ til kynningar.

Halla fór yfir hvaða nefndir verða starfandi næstu tvö ár á vegum ASÍ. Miðstjórn skipar einn fulltrúa í hverja nefnd (aðalmenn í miðstjórn) og eru þeir formenn nefnda. Landssamböndin skipa svo aðra nefndarmenn. Stjórnarfolk hefur komið á framfæri til formanns hvaða nefndir þeir óska eftir að fá tilnefningu í. Halla sagði að fyrirspurnir hafi borist um greiðslu vegna nefndarsetu. Í reglum ASÍ segir að fólk eigi rétt á greiðslu vegna launataps, ASÍ sjái um slíkt vegna miðstjórnar en VR mun sjá um slíkt hvað varðar nefndir.

Umræður

Harpa Sævarsdóttir fór af fundi kl. 20:30.

8. Starfssamningur varaformanns VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Fundargerð launanefndar 6. nóv. 2024“ og Samningur um launakjör varaformanns VR nóv. 2024“ til afgreiðslu.

Halla vék af fundi undir þessum lið.

Svanhildur Ólöf, sem sæti á í launanefnd VR, kynnti tillögu að samningi við varaformann um að gegna störfum formanns á meðan formaður er í leyfi. Um verði að ræða 80% starf. Samningurinn gerir ráð fyrir að varaformaður verði á sömu launum og kjörum og formaður.

Umræður

Samningurinn var lagður fyrir fundinn og samþykktur samhljóða.

Halla kom aftur inn á fundinn og óskaði eftir heimild til að lengja hann um 30 mínútur.

Samþykkt.

9. Lestrarkönnun VR blaðsins

Steinunn Böðvarsdóttir, sviðsstjóri samskiptasviðs, fór yfir niðurstöður tveggja lestrarkannanna VR blaðsins á árinu. Kannanirnar voru gerðar í samræmi við vilja stjórnar um að kanna lestur blaðsins og ánægju með það í huga hvort gera eigi breytingar á útgáfunni.

VR blaðið hefur verið gefið út frá árinu 1956. Fyrst var það gefið út 10 sinnum á ári en er núna gefið út tvisvar sinnum á ári, bæði í prentaðri útgáfu og rafrænni. Um 16 þúsund félagar fá prentað eintak blaðsins sent en á lista yfir rafræna viðtakendur eru um 37 þúsund. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að um þriðjungur félagsfólks sér blaðið, hvort sem er í prentaðri útgáfu eða rafrænni. Það vekur athygli að ungt fólk sér mun frekar prentaða útgáfu en rafræna. Mikill meirihluti svarenda vill halda útgáfu blaðsins áfram, einungis 16% vill hætta útgáfunni. Meirihlutinn er ánægður með blaðið.

Umræður

Halla lagði fyrir fundinn tillögu um að útgáfa blaðsins verði í sömu mynd og nú árið 2025, en að áhersla verði lögð á að auka dreifingu og sýnileika sem og áframhaldandi endurskoðun blaðsins.

Samþykkt

10. Seta formanna deilda sem áheyrnafulltrúar á stjórnarfundum VR

Jónas Yngvi Ásgrímsson, sem á sæti í stjórn Suðurlandsdeildar VR, hafði óskað eftir að tekin yrði fyrir á fundinum umræða um hvort formenn deilda félagsins, s.s. landbyggðardeilda, geti setið sem áheyrnafulltrúar á fundum stjórnar VR. Markmiðið væri að efla tengsl við deildir og landsbyggð. Önnur hugmynd með sama markmiði væri að stjórn myndi funda reglulega á landsbyggðinni með deildum.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Halla til að hún ásamt Jónasi og Stefáni skoði hvaða möguleikar eru í stöðunni og leggi tillögur fyrir næsta fund.

Samþykkt.

11. Dómur Evrópudómstólsins vegna hlutastarfa

Fyrir fundinum lá skjalið „Hlutastarfsfólk dómar Evrópudómstólsins minnisblað ASÍ“ til kynningar.

Halla benti stjórnarfólki á dóm Evrópudómstólsins nýlega sem varðar túlkun á tilskipun um rammamning um hlutastörf. Rammamningur um hlutastörf var leiddur í lög um hlutastörf 2004 og felur í sér að ekki megi mismuna fólki sem er í hlutastörfum.

Í minnisblaðinu eru rakin tvö mál og niðurstöður þeirra. Ísland hefur skuldbundið sig til að hlíta tilskipuninni um hlutastörf en það hefur ekki verið raunin. Dómurinn segir að ef unnið er umfram starfshlutfall eigi að greiða yfirvinnu, sagði Stefán. Framkvæmdin hafi hins vegar verið þannig hér að greitt er í samræmi við þann tíma dags sem unnið er umfram starfshlutfall, t.d. dagvinna sé vinna umfram vinnuskyldu að degi til.

Hægt ver að fara nokkrar leiðir til að uppfylla tilskipunina, t.d. kjarasamningaleiðina eða dómstólaleiðina.

Umræður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:05.